

## Lög Foreldrafélags Hlíðaskóla

### með breytingum samþykktum á aðalfundi 30. nóvember 2016.

**1. grein** Félagið heitir Foreldrafélag Hlíðaskóla. Félagar eru forráðamenn nemenda skólans.

**2. grein** Markmið félagsins er að vinna að heill og hamingju nemenda skólans, samvinnu heimila og skóla og almennum framförum skólans. Markmiðum sínum leitast félagið við að ná með:

- Öflugu félags- og fræðslustarfi, umræðum í skólanum og aðstoð við lausn einstakra verkefna.

- Stuðningi við skólann þannig að nám og félagsstörf verði þar ávallt svo sem best verður á kosið.

- Starfi að málum sem hafa almenna þýðingu fyrir velferð nemenda, svo sem að húsnæðis- og lóðamálum skólans og umhverfis- og öryggismálum í skólahverfinu.

**3. grein** Í lok haustfunda, þar sem forráðamönnum nemenda er kynnt vetrarstarfið, skal haldinn fundur í hverri bekkjardeild og þar valdir a.m.k. tveir bekkjarfulltrúar úr hópi forráðamanna nemenda bekkjarins.

Bekkarfulltrúar hafa forgöngu um að forráðamenn vinni með kennara og nemendum að ýmsum málefnum, s.s. félagsstarfi í bekknum, bekkjarfundum og öðru sem miðar að því að styrkja bekkinn sem hóp og efla tengsl milli nemenda, forráðamanna og kennara.

Bekkarfulltrúar skulu starfa fram yfir haustfund og setja nýja bekkjarfulltrúa inn í störf sín.

**4. grein** Stjórn félagsins og bekkjarfulltrúar skipa fulltrúaráð. Fulltrúaráð skal halda að minnsta kosti tvo fundi árlega. Fulltrúi skólaráðs skal boðaður á fundina.

**5. grein** Aðalfundur félagsins skal haldinn árlega. Eigi síðar en 15. október sé hann haldinn að hausti og eigi síðar en 15. maí sé hann haldinn að vori.

Aðalfundur fer með æðsta vald í málefnum félagsins, ræður úrslitum um meginmál

þess, setur félaginu lög, samþykkir reikninga þess og kýs því stjórn. Einfaldur meirihluti ræður úrslitum í öllum málum.

**6. grein** Fráfarandi stjórn boðar aðalfund með a.m.k. 7 daga fyrirvara. Í fundarboði skal stjórnin kynna efni fundarins.

Tveir eða eftir atvikum þrír, meðstjórnendur úr röðum forráðamanna skulu kjörnir til tveggja ára og jafn margir ganga úr stjórn. Auk þess skal kjósa tvo varamenn til eins árs.

**7. grein** Stjórn félagsins heldur með sér fundi, ekki sjaldnar en einu sinni í mánuði. Á fyrsta fundi reglulegrar stjórnar skal hún skipta með sér verkum í formann, gjaldkera og ritara.

**8. grein** Á aðalfundi félagsins skulu kosnir tveir skoðunarmenn reikninga.

**9. grein** Forráðamenn nemenda starfa í nefndum á vegum félagsins við úrlausn verkefna eftir því sem stjórn félagsins telur þörf á. Nefndir taka til starfa að loknum haustfundi og velja sér þá formann. Starfi þeirra lýkur á næsta haustfundi. Stjórn félagsins og nefndir skulu hafa náið samráð.

**10. grein** Á aðalfundi félagsins skulu kosnir aðal- og varafulltrúar í skólaráð í samræmi við starfsreglur þess og lög um grunnskóla. Stjórn félagsins heldur a.m.k. einn samráðsfund með skólaráði árlega.

**11. grein** Stjórn félagsins starfar með sambærilegum félögum í nágrennskólum, landssamtökum foreldra- og kennarféлага og hefur samráð við þá sem skipuleggja tómstundastarf fyrir börn og unglunga í skólahverfinu eftir því sem ástæða þykir til.

**12. grein** Lögum þessum má aðeins breyta á aðalfundi, enda sé það tilkynnt í fundarboði. Tillögur um lagabreytingar skulu berast stjórn félagsins í síðasta lagi 14 dögum fyrir aðalfund.